

**Fundargerð 4. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl. 10 23 júlí 2014.** Mætt eru Egill Sigurðsson, Eydís Indriðadóttir, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir er ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Afgreiðsla á fyrstu þrem fundargerðum heppsnefndar dags. 16. júní, 27. júní og 9. júlí 2014.

Fyrsti fundur annar liður: Þar er vísað í 14. gr. kosningalaga en ekki kosningahandbók.

Annar fundur þriðji liður: Þar er vísað í þóknun fyrir setu í hreppsnefnd. Laun varamanna eru ákveðin 4% af þingfarakaupi per fund en ekki per mánuð eins og kemur fram í fundargerð. Þóknanir fyrir nefndarstörf bæði formennsku og önnur nefndarstörf eru greiddar per fund.

Þriðji fundur hreppsnefndar: Fundargerð samþykkt án athugasemdar.

2. Ráðningarsamningur sveitarstjóra. Þann 14 júlí sl. samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps að ráða Björgvin G. Sigurðsson sem sveitarstjóra Ásahrepps, þessi samþykkt (var rafræn eins og samþykktir Ásahrepps gefa heimild til) og var gerð á grundvelli tillögu oddvita og varaoddvita sbr. síðustu fundargerð hreppsnefndar. Ráðningarsamningurinn gerir ráð fyrir 70 % starfshlutfalli og miðast launakjör við þingfararkaup þ.e. 70 % að auki er greiddur símakostnaður, tölvutenging og akstur annar en til og frá vinnu samkvæmt akstursbók samkvæmt taxta ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Ráðningarsamningurinn gildir frá 1. ágúst 2014 til 30. júní 2018 og er með 3 mánaða uppsagnarfresti að beggja hálfu.

Afgreiðsla hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ráðninguna og ráðningarsamninginn. Samþykktur með fjórum atkvæðum. Karl Ölvisson situr hjá.

3. Bréf frá Vigfúsi Andrésyni fyrirspurn til hreppsnefndar í 3 liðum, „hvers vegna var ég ekki boðaður í viðtal, hvaða helstu skilyrði umfram það sem sett var fram í auglýsingunni voru höfð að leiðarljósi við ráðninguna, var haft samráð við fagaðila við ráðinguna og ef svo er þá hverja“, vegna ráðningar sveitarstjóra í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps tók þá ákvörðun að boða í viðtal þá sex aðila sem taldir voru uppfylla best þau skilyrði sem sett voru í auglýsingunni. Engin önnur skilyrði voru höfð að leiðarljósi en fram kom í auglýsingunni. Ekki var haft samband við fagaðila.

4. Erindi frá Guðmundu Ellen Sigurðardóttur þar sem sótt er um styrk vegna þátttöku hennar í landsliði Íslands á hestamóti í Danmörku .

Afgreiðsla samþykkt 60,000 kr framlag.

5. Vegna ráðningar Eydísar Indriðadóttur í starf sveitarstjóra í Flóahreppi. Er gerð eftirfarandi tillaga að breytingum í nefndir og stjórnir á vegum Ásahrepps þar sem hún óskar eftir að víkja úr öllum nefndum frá og með 1. ágúst á vegum Ásahrepps. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn dvalarheimilisins Lundar verði aðalmaður Björgvin G. Sigurðsson. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn Húsakynna bs. verði aðalmaður Björgvin G. Sigurðsson. Fulltrúi í Ásahrepps í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. verði aðalmaður Björgvin G. Sigurðsson. Varamaður í samráðsnefnd um Holtamannaafrétt verði Björgvin G. Sigurðsson.

Afgreiðsla samþykkt.

6. Hreppsnefnd samþykkir að veita Eydísi Indriðadóttur lausn úr hreppsnefnd Ásahrepps með vísan í 30 gr. sveitarstjórnarlaga vegna annara vinnu og að eigin ósk, frá 1. ágúst 2014 út kjörtímabilið. 1. varamaður Renate Hanneman verður aðalmaður í hreppsnefnd Ásahrepps frá 1. ágúst 2014. Fyrsti varamaður í hreppsnefnd verður Brynja Jónasdóttir aðrir varamenn færast upp um 1 sæti. Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Eydísi Indriðadóttur fyrir störf í þágu Ásahrepps og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Eydís Indriðardóttir vék af fundi á meðan afgreiðsla fór fram.

7. Karl Ölvisson spyr um afgreiðslu umhverfisnefndar Ásahrepps um erindi vegna Kerfils.

Umhverfisnefnd hefur ekki fjallað um málið. Oddvita falið að ræða við formann umhverfisnefndar.

8. Ábending frá Karli Ölvissyni um að fundarboð fjórða fundar hreppsnefndar hafi ekki birst á heimasíðu Ásahrepps. Skrifstofan hefur verið lokuð á umræddum tíma og starfsmaður sem séð hefur um heimasíðuna er í leyfi.
9. Hreppsnefnd Ásahrepps skipar eftirtalda í stjórn fjarskiptafélags Ásahrepps, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Reneta Hanneman. Varamenn eru Brynja Jónasdóttir, Tyrvingur Sveinsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Guðjón Björnsson.
10. Eydís Indriðadóttir þakkar íbúum og hreppsnefnd Ásahrepps lærdómsríkt og gott samstarf síðustu 12 ár.

Fundi slitið kl. 11:30 Fundargerð upplesin og samþykkt.